

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, Suðvesturlínur og tengivirki á Sandskeiði, Mosfellsbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 1. mars 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 frá 8. júlí 2003.

Fyrirhugaðar eru breytingar á flutningskerfi raforku þar sem gert er ráð fyrir nýbyggingum og enduruppbyggingum háspennulína um Sandskeið til Hafnarfjarðar ásamt niðurrifi háspennulína frá Sandskeiði að Geithálsi. Breytingarnar innan sveitarfélagsins eru eftirfarandi:

1. Sogslína 2 (132 kV) fellur brott. Eftir stendur Sandskeiðslína 2 (220 kV) milli Geitháls og Sandskeiðs.
2. Kolviðarhóslína 1 (220 kV) verður endurbyggð frá Kolviðarhóli að Sandskeiði.
3. Kolviðarhóslína 2 (220 kV) ný lína frá Sandskeiði að Hamranesi.
4. Búrfellslína 3 (400 kV) ný lína frá Sandskeiði að Hamranesi.
5. Sandskeiðslína 1 (400 kV) ný lína frá Sandskeiði að Hrauntungum.
6. Opið óbyggt svæði á Sandskeiði, 5 ha að stærð, breytist í iðnaðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir tengivirki.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.